

Sp. 196. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um rannsókn á vegarstæði milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Flm.: Magnús Jónsson, Bernh. Stefánsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta svo fljótt sem auðið er framkvæma rækilega rannsókn á því, hvar hagkvæmast sé að leggja akveg milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Greinargerð.

Ólafsfjarðarkaupstaður hefur nú að vísu komið í samband við vegakerfi landsins með lagningu vegar yfir Lágheiði, en það vegarsamband er engan veginn nægilegt fyrir kaupstaðinn. Aðalviðskipti bæjarins hljóta að verða við Akureyri, og er því brýn nauðsyn fyrir Ólafsfirðinga að geta komið í akvegasamband við vegakerfi Eyjafjarðar, því að ófullnægjandi er að hafa aðeins samgöngur sjóleiðis við Akureyri og sveitir Eyjafjarðar. Eins og sakir standa nú, er að vísu hægt að komast með bifreið til Akureyrar um Lágheiði og Skagafjörð, en sú leið er um þrefalt lengri en ef hægt væri að aka til Akureyrar inn með Eyjafirði.

Ýmsir kunnugir menn álíta, að hægt muni vera með tiltölulega litlum kostnaði að ryðja veg fyrir Ólafsfjarðarmúla, en fleiri leiðir munu ef til vill einnig koma til greina. Þar sem hér er um mikið hagsmunamál Ólafsfirðinga að ræða, teljum við nauðsynlegt að láta rannsaka þetta mál sem allra fyrst.